

Minnisblað umboðsmanna lista

um fyrirkomulag eftirlits umboðsmanna

Til: Undirbúnings kjörbréfanefndar

Frá: Umboðsmönnum lista Pírata í Suðvesturkjördæmi og báðum Reykjavíkurborgarkjördæmunum

Dagsetning: 8.11.2021

Til að að fylgja eftir munnlegu erindi umboðsmanna lista Pírata í kjördæmum stórhöfuðborgarsvæðisins á fundi undirbúningsnefndar kjörbréfanefndar þann 8.11.2021 viljum við benda á að kostir eftirlits umboðsmanna eru margþættir. Með því að ferlið sé gagnsætt og háð eftirliti umboðsmanna þá dregur mikið úr hættum á deilum, eftirlit umboðsmanna eykur traust almennings og framboða á framkvæmd kosninga og að lokum spilar virkt eftirlit inn í ímynd landsins á alþjóðavettvangi sem vestræns lýðræðisríkis.

Ljóst er að trausti almennings, framboða og alþjóðasamfélagsins fylgja miklir hagsmunir og komi í ljós að eftirlit umboðsmanna sé ábótavant eða á vissum sviðum ómögulegt þá skaðar það þessa hagsmuni. Jafnframt ætti það að vera metnaður allra sem að kosningum koma að vera fyrirmynd annarra ríkja þegar að kosningum kemur.

Við framkvæmd kosninga komu fram nokkur atriði sem gera eftirlit umboðsmanna óskilvirkt og í sumum tilfellum ómögulegt. Það felst tækifæri í því að taka á þeim atriðum. Það eru jafnframt hagsmunir þeirra sem starfa við kosningar að verða ekki að ósekju fyrir ásökunum um að hafa haft rangt við. Í þessu felst ekki ásökun að nokkur ásetningur hafi verið að hafa rangt við í nýliðnum kosningum í þeim kjördæmum sem við sem umboðsmenn störfuðu við eftirlit.

Til dæmis ef raufar sem atkvæði eru sett í á kjörkössum á utankjörfundi eru ekki innsiglaðir fyrir flutning er bæði möguleiki á því að bæta atkvæðum í kassan og að hrista atkvæði úr honum. Umboðsmenn Pírata fengu ekki í öllum tilfellum að innsigla raufar. Með því að innsigla raufar kassana er búið að taka fyrir þessa möguleika. Þá er búið að auka öryggi kosninga og verja flutningsmenn fyrir ásökunum.

Við talningu í Suðvestur komust umboðsmenn aldrei nær atkvæðum en sem nemur nokkuð mörgum metrum. Væri rangt talið geta umboðsmenn með engu móti séð það og nýleg dæmi úr Norðvesturkjördæmi sýna að möguleikinn á því að rangt sé talið er fyrir hendi. Með því að gefa umboðsmönnum tækifæri til að taka stikkprufur úr þeim bunkum sem þeir óska og yfirfara þá væri hægt að auka traust umboðsmanna á því að rétt hafi verið talið. Þetta mætti bæði gera við talningu og að talningu lokinni.

Umboðsmenn fá ekki aðgang að öllum ógildum seðlum. Með ógildum atkvæðum sem umboðsmenn sannarlega fá að taka afstöðu til mætti fylgja tölfræði yfir þau atkvæði sem umboðsmenn fá ekki að taka afstöðu til og rökstuðningur þess efnis. Þetta atriði olli nokkru ósætti meðal umboðsmanna í Suðvesturkjördæmi við síðustu kosningar.

Kjörstaðir eru margir og til að sinna því eftirliti sem lögin heimila, þyrfti framboð að hafa stóran hóp manna til taks. Tillaga að lausn gæti verið að safna kössunum saman á ákveðnum tímamarki áður en þeir eru sendir á kjörstað og innsigla í viðurvist umboðsmanna.

Almenn tillaga að betri framkvæmd væri að leyfa umboðsmönnum njóta vafans. Komi fram beiðni frá umboðsmönnum sem ekki gefur færi á að hafa áhrif á niðurstöðuna en eykur jafnframt öryggi kosningana er erfitt að sjá skaðsemi þess að samþykkja beiðnina.

Að þessu öllu sögðu ætti að vera eins mikið samræmi milli kjörstaða og kostur er. Á þessu var nokkur misbrestur í síðustu kosningum. Kostirnir á því að samræma framkvæmdina eru ótvíærðir.

Að lokum voru gefin út nokkur rit er vörðuðu framkvæmd kosninga til dæmis um almenna framkvæmd og túlkun vafaatriða. Með því að gera sambærilegt rit um hlutverk og framkvæmd eftirlits umboðsmanna hefðu umboðsmenn skýra heimild til að vísa í.

kv.

Indriði Ingi Stefánsson, umboðsmaður lista Pírata í suðvesturkjördæmi.

Jón Þór Ólafsson, umboðsmaður lista Pírata í báðum kjördæmum Reykjavíkur og suðvestur.